



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

40. Fundargerð

40. Fundur ungmennaráðs Grímsnes- og Grafnings var haldinn í frístundarhúsnæði fyrir ofan félagsheimilið, fimmtudaginn 14. apríl 2026 kl. 19:00

Fundinn sátu:

Andri Smáráson

Hrafniildur Sigurðardóttir

Ingibjörg Elka Þrastardóttir

Ísold Assa Guðmundsdóttir

Karólína Waagfjörð Björnsdóttir.

Kjartan Guðjónsson

Fjarverandi voru: Ásdís Rún Grímsdóttir, Óttar Guðlaugsson, Harpa Jakobsdóttir, Tinna Þorkelsdóttir og Ingileifur Áki Jónsson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Elka Þrastardóttir og Ísold Assa Guðmundsdóttir

1. Ráðstefna um Málþing á vegum UMFÍ í Fjölbrautarskóla Suðurlands 24.apríl

Rætt var um þátttöku á málþingi/ráðstefnu á vegum UMFÍ sem fram fer í Fjölbrautaskóli Suðurlands þann 24. apríl 2026.

Farið var yfir hverjir hefðu tök á að sækja ráðstefnuna fyrir hönd ungmennaráðsins. Ákveðið var að skráning og nánari ut anumhald færi fram í gegnum Messenger-hóp ráðsins.

2. Sveitarstjórnar Tíktök

Ungmennaráð ræddi mögulega gerð fræðsluefnis á samfélagsmiðlum tengt sveitarstjórn og komandi sveitarstjórnarkosningum.

Í umræðum kom fram að markhópur efnisins yrði fyrst og fremst ungmenni sem kjósa í fyrsta sinn og/eða ungmenni sem vilja kynna sér málefni sveitarfélagsins og starfsemi sveitarstjórnar betur.

Niðurstaða umræðna var sú að ungmennaráð stefni að því að:

- taka viðtöl við oddvita framboðanna,
- útbúa almennt fræðsluefni um sveitarstjórnarmál og sveitarstjórnarkosningar.

Lögð var áhersla á að efnið yrði aðgengilegt, upplýsandi og sett fram með hlutlægum hætti.



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

3. Næsti fundur

Rætt var um að halda næsta fund í maí 2026. Nánari tímasetning og skipulagning verður ákveðin í gegnum Messenger-hóp ráðsins.

4. Önnur mál

Rætt var um að ung börn í grunnskóla hefðu nýtt líkamsræktaraðstöðu íþróttamiðstöðvarinnar án tilskilins aldurs eða fylgdar og að slíkt hefði valdið truflun í starfsemi aðstöðunnar.

Ungmennaráð taldi mikilvægt að reglur og aldursviðmið í tengslum við notkun líkamsræktaraðstöðunnar væru skýr og kynnt með viðeigandi hætti.

Samþykkt var að koma ábendingum ráðsins á framfæri við viðeigandi aðila innan stjórnsýslu sveitarfélagsins.